

### **Fundargerð 3. fundur FFGÍR starfsárið 2010-2011**

25.nóvember

Akurskóli,

Tjarnarbraut 5, 260 Reykjanesbæ

Mættir voru: Erla Guðmundsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Linda Birgisdóttir, Elísabet Kjartansdóttir. Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri, Kristján Freyr Geirsson.

1. Skólaforeldrar - erindi Nönnu 15.nóvember í Fjölbrautaskóla Suðurnesja- Hvað svo?

Ánægja með erindið. Áhugavert tilraunastarf í Vesturbæjarskóla. Þar sem fjölskyldur aðstoðuðu nemendur við að fjalla um áhugaverða persónu. Persónu sem fjölskyldan hafði dálæti á.

Umræður um hvaða tími hentar? Boðun er áhrifarík er hringt er í foreldra. Hvernig á að boða foreldra á fundi eða fræðsluerindi.

Námsráðgjafi sendi t.d. póst og þeir sem svöruðu ekki fengu símhringingu (ábyrg netnotkun).

Stjórnendur og námsráðgjafi í Holtaskóla virðast leggja mikla áherslu á foreldrasamstarf og ábyrgð foreldra í skólastarfinu og eru í góðu samstarfi við foreldrafélagið.

2. Hvað er að fréttu af bekkjarfulltrúum - viðbrögð vegna bréfa?

Búið að hvetja og hafa samband við bekkjarfulltrúa, Myllubakka og Akurskóla.

Í Heiðarskóla var haldin fundur með bekkjarfulltrúum og stjórn. Á fundinum var skipulagt starf til að redda 44 foreldrum til að koma í skólann og vera með nemendum í fyrsta tíma vegna vettvangsferðar kennara til Boston. Ýmislegt var gert eins og starfskynning, spil og fleira. Dæmi um samstarf heimilis og skóla, skemmtilegt fyrirkomulag.

Akurskóli hélt einnig fund með bekkjarfulltrúum í september.

Myllubakkaskóli hélt fund með bekkjarfulltrúum í september en vegna dræmrar mætingar var ákveðið að hver stjórnarmeðlimur bæri ábyrgð á bekkjarfulltrúum í hverjum árgangi.

3. Jólaföndur og aðventan- hvað er á döfinni hjá ykkur?

Myllubakkaskóli sér um jólaföndur frá kl.10-12 laugard. 27.nóv. 10.bekkur með fjáröflun, pylsur í umsjá kennara (Ölmu). Jólasveinn mætir á svæðið. Föndrið er frá fyrirtæki í Reykjanesbæ sem heitir Flingur, pakkningar seldar á 300 kr. og 500 kr. Stjórn sér um og óskar eftir aðstoð frá bekkjarfulltrúum.

Á sama tíma verða Myllubakkaskólapeysur og húfur til sölu á vegum foreldrafélagsins, peysan 3.000 kr. og húfa 720 kr.

FFN með jólaföndur og laufabrauð. 10.bekkur sér um kaffisölu.

6. og 7. bekkur er með laufabrauð. Foreldrafélagið er innan handar, borgar hráefniskostnað. Hefur gengið vel. Verður þriðjudaginn 7.des 17-19. Foreldrar í 6.og7.bekk aðstoða bekkjarfulltrúa. Nemendur koma með tertur og gos. Hlaðborð selt á 400 kr.

FFHS jólaföndur föstud. 3.des frá kl.17.00 -19.00, prófa að breyta frá laugardegi. Föndurpakkar til sölu og 10.bekkur sér um kakó, kaffi og vöfflur o.fl. 10.bekkur fær styrk frá FFHS í skólaferðalag. Nemendur úr skólanum verða með skemmtiatriði.

FFH er með laufabrauð 25.nóv á vegum foreldrafélagsins.

#### 4. Önnur mál

##### 1. Bókagjafir

- a. Formenn litu á heimasíðuna og fannst það vera fyrir yngri barnahóp.
- b. Heiðarskóli hafði bókasöfnun í fyrra, sendi út póst á allra foreldra og óskaði eftir bókum. Margar bækur bárust og var síðan afhent á bókasafn skólans.
- c. Fatamarkaður í Myllubakkaskóla var til að fjárafla bókakaup fyrir bókasafn skólans.

##### 2. Brunaæfingar

- a. Búið að samþykkja brunaæfingar í öllum skólum. Það verður stór brunaæfing 3ja hvert ár og rímingaræfingar á hverju ári. FFGÍR fagnar þessari ákvörðun FRÆ.

##### 3. Athafnavika

- a. Tillaga að foreldrafélögin tilkynni til Lindu eða sendi til ffgír um allt það sem er jákvætt í skólastarfi og fulltrúi ffgir kemur því til FRÆ. Vera vakandi yfir því sem er jákvætt og koma því áleiðis.

##### 4. Fjörheimar

Búið að segja upp samningi. Unglingar fara yfir í 88 húsið, stóra vélasalinn og kjallarann. Hjólapallar fara út, verður útisvæði fyrir krakkana. Fjörheimaráð og nemendur (notendur) takapátt í flutningi og eru núna að vinna við að gera húsnæðið klárt, mála og þess háttar. Starfsemin heldur áfram.

##### 5. Niðurskurður á kennslu- sveitarfélögin og sparnaður

- a. Foreldrar fylgjast með umræðunni.

##### 6. Hvernig samstarf vilja kennarar við foreldra, hvað hafa kennarar gert sbr. bekkjarkvöld, fundi með foreldrum og fleira.

- a. Ingigerður ætlar að semja spurningar og senda til stjórnna foreldrafélaganna.